



## Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Þriðjudaginn, 30. júní 2009

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar 30. júní 2009, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Heiðrún Bjarkadóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### **Dagskrá:**

#### **Dagskrárliður 1**

Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar ehf. óskar eftir leyfi fyrir framkvæmdum við söfnunarstöð að Efstubraut 5a Blönduósi. Meðfylgjandi eru aðaltekningar og tillaga að girðingu um svæðið (sjá fyrri fundargerð).

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir framkvæmdina og leggur til að notuð verði girðing 2 í fundargögnum eða sambærilegri og er í Ólafsvík. Jafnframt minnir nefndin á fyrri afgreiðslu á málinu þann 17. júlí 2008 þegar grendarkynning var samþykkt með að frágangur verði allur eins og best gerist annars staðar.**

#### **Dagskrárliður 2**

Björk Axelsdóttir og Jón Sveinn Pálsson Kúskerpi Blönduósi óska eftir leyfi fyrir breytingu á íbúðarhúsi sínu að Kúskerpi. 1. hæð er stækkuð og rishæð er sett á húsið. Meðfylgjandi eru aðaltekningar.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að fullnægjandi gögn berist.**

#### **Dagskrárliður 3**

GH. Gröfur sækja um lóðirnar Smárabraut 7, 9, 11, 13, 15, 17 og 19 undir 2 fjöggra íbúða raðhús (Innflutt einingahús). Meðfylgjandi eru tillöguteikningar.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir fyrir sitt leiti úthlutun þessari lóða til G.H. gröfur ehf. og leggur til að úthlutunin sé háð því að framkvæmdir verði hafnar innan 6 mán.**

#### **Dagskrárliður 4**

Krákur ehf. sækja um lóðina Smárabraut 18-20 undir einbýlishús úr timbri. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í haust.

**Afgreiðsla: Erindi frestað og byggingafulltrúa falið að hafa samband við Krák ehf.**

#### **Dagskrárliður 5**

Krákur ehf. óskar eftir að fá úthlutaðri atvinnulóð við Koppagötu á Blönduósi undir geymslu og athafnasvæði.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir afnot af lóðinni með fyrirvara um að allur frágangur verði sem bestur og sett verði upp góð girðing og umgengni verði í góðu lagi. Úthlutun þessi er til 12 mán í senn.**

#### **Dagskrárliður 6**

Krákur ehf. sækjir um lóðirnar Smárabraut 7, 9, 11, 13, 15, 17 og 19 undir parhús og einbýlishús, áætlað er að framkvæmdir hefjist í haust.

**Afgreiðsla: Nefndin fagnar erindinu enn þegar er búið að úthluta þessum lóðum. Nefndin bendir á lausar lóðir við Sunnubraut.**

#### **Dagskráliður 7.**

**Önnur mál. Stefán kynnti drög af matslýsingu vegna endurskoðunar á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004- 2016 .**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.45.

*Þórður Pálsson (sign)*

*Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)*

*Gauti Jónsson (sign)*

*Valgarður Hilmarsson (sign.)*

*Valgerður Gísladóttir (sign)*

*Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)*

*Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)*